

Ársskýrsla 2011



Grundvallarhugsjónir Rauða krossins og Rauða hálfmánans

MANNÚÐ Alþjóðahreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans, sem spratt upp af löngun til að veita þeim sem særst höfðu á orrustuvelli hjálp án manngreinarálits, reynir með alþjóðlegu starfi og starfi landsfélaga að koma í veg fyrir og létta þjáningar fólks hvar sem það er statt. Tilgangur hreyfingarinnar er að vernda líf og heilsu og tryggja virðingu fyrir mannlegu lífi. Hún vinnur að gagnkvæmum skilningi, vináttu, samstarfi og varanlegum friði meðal allra þjóða. **ÓHLUTDRÆGNI** Hreyfingin gerir engan mun á milli manna eftir þjóðerni þeirra, uppruna, trúarbrögðum, kyni, stétt eða stjórnmálaskoðunum. Hún reynir að draga úr þjáningum einstaklinga og tekur þá eingöngu tillit til þarfa hvers og eins en veitir forgang þeim sem verst eru staddir. **HLUTLEYSI** Svo að hreyfingin megi áfram njóta almenns trausts skal hún gæta hlutleysis í ófriði og aldrei taka þátt í deilum vegna stjórnmála, uppruna, trúarbragða eða hugmyndafræði. **SJÁLFASTÆÐI** Hreyfingin er sjálfstæð. Þótt landsfélög veiti aðstoð í mannúðarstarfi stjórnvalda og lúti lögum lands síns verða þau ætíð að varðveita sjálfstæði sitt svo þau geti starfað í samræmi við grundvallarhugsjónir hreyfingarinnar. **SJÁLFBODIN ÞJÓNUSTA** Hreyfingin er borin uppi af sjálfböðnu hjálparstarfi og lætur aldrei stjórnast af hagnaðarvon. **EINING** Í hverju landi má aðeins vera eitt landsfélag Rauða krossins eða Rauða hálfmánans. Það skal vera öllum opið og vinna mannúðarstarf um landið allt. **ALHEIMSHREYFING** Hreyfing Rauða krossins og Rauða hálfmánans nær um heim allan og öll landsfélög hafa jafnan rétt og ábyrgð og sömu skyldur til gagnkvæmrar hjálpar. ■

Efni			
Öflugasta mannúðarkeðja heims	2	Sjálfböðaliðar og fyrirtæki bera uppi fataverkefnið	13
Forysta í sjálfböðnu starfi	3	Stanslaus þjálfun og nýjar leiðbeiningar í skyndihjálp	14
Tekjur og útgjöld	4	Vífjell og vatn til hjálpar	15
Ýmsir viðburðir úr starfinu	5	Alvogen og Afríka	15
Öflugasta sprengigos í Grímsvötnum í 100 ár	7	Málörvun, matur og menningarsamskipti	16
Hlaup í Múlakvísl	8	Æskan styður Rauða krossinn	17
Rútslys í Blautulónum	8	Sjúkrabílar – Eitthvað sem allir treysta á	18
Heimsóknavinir í sókn	9	Hungursneyð í Sómalíu	19
Fleiri komur í Frú Ragnheiði	10	Íslenskur almenningur til hjálpar Japan	20
Sálrænn stuðningur og upplýsingasími á neyðartímum	10	Barist gegn mansali	20
Stuðningur við atvinnuleitendur	10	Þjónusta við hælisleitendur	20
Neyðarvarnir og viðbúnaður	11	Alþjóðlegt hjálparstarf	21

ÁRSSKÝRSLA 2011, GEFIN ÚT Í MAÍ 2012
VEFÁRSSKÝRSLA: RAUDI-KROSSINN.IS

UMSJÓN: TETUR ÞORKELSSON
HÖNNUN OG UMBROT: HUGVERKASMIÐJAN

PRÓFÖRK: BERGLIND STEINSDÓTTIR
PRENTUN: LITLAPRENT

RAUÐI KROSS ÍSLANDS VAR STOFNAÐUR 10. DESEMBER 1924 OG VIÐURKENNDI RÍKISSTJÓRN ÍSLANDS HANN 9. MARS 1925 SEM EINA RAUÐA KROSS FÉLAGIÐ SEM STARFA MÁ Í LANDINU OG EINA AÐILANN SEM NOTA MÁ RAUÐA KROSSINN SEM MERKI SITT. DEILDIR RAUÐA KROSS ÍSLANDS ERU 50 OG FÉLAGSMENN UM 20.500 Í LOK ÁRS 2011. SKRÁÐIR SJÁLFBÖÐALIÐAR MEÐ SAMNING ERU 3.792.



Öflugasta mannúðarkeðja heims

Neyðarvarnir, mannúð og félagslegt öryggi, og vel starfandi Rauða kross félag eru meginmarkmið starfsins framundan.

Rauði kross Íslands er hlekkur í mannúðarkeðju 187 landsfélaga Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim. Þó íslenski Rauði krossinn sé lítið félag á heimsvísu er það sjálfstætt og sterkt landsfélag með skýran tilgang og leiðarljós. Eins og landsfélögin mynda net um allan heim mynda deildir í hverju landi þá heild sem tryggir að Rauða kross starf nær til landsins alls. Hérlandis mynda 50 Rauða kross deildir þetta net.

Sjálfböðaliðar eru aðalstyrkur Rauða krossins, hér á landi sem annars staðar. Þeir verja tíma sínum, kröftum og þekkingu í þágu mannúðar án þess að gera kröfu um annað endurgjald en þá ánægju sem felst í því að rétta öðrum hjálparhönd. Starfsemi Rauða krossins og Rauða hálfmánans um allan heim og sú eining sem ríkir um að starfa eftir sömu grundvallarhugsjónum um hlutleysi, óhlutdrægni og sjálfstæði gerir hreyfingunni kleift að nálgast berskjaldaða einstaklinga hvar sem er og bjóða fram aðstoð. Þetta sýndi sig á árinu þegar Rauði krossinn einn hjálpar-samtaka gat náð til fórnarlamba hungursneyðarinnar í sumum hlutum Sómalíu.

Aðalfundur 2011 samþykkti nýja stefnu fyrir Rauða kross Íslands. Stefnan byggir á þremur aðalmarkmiðum, þ.e.a.s. neyðarvörnum vegna áfalla og hamfara, mannúð og félagslegu öryggi og öflugu og vel starfandi Rauða kross félagi. Í nýrri stefnu er lögð áhersla á að Rauði krossinn er eitt félag og að um hlutverk hans og verkefni ríki eining og sátt.

Í kjölfar nýrrar stefnu ákvað stjórn Rauða krossins að endurskoða lög félagsins og skipaði á haustmánuðum vinnuhóp til að vinna við endurskoðunina. Vinnuhópurinn fór yfir núgildandi lög með tilliti til nýrrar stefnu og ýmissa breytinga sem átt hafa sér stað á undanförunum árum sem og leiðbeininga ALþjóða Rauða krossins um lög landsfélaga.

Það er staðreynd sem ekki verður litið framhjá að tekjur Rauða krossins hafa dregist mikið saman og ekkert bendir til að það breytist á næstunni. Félagið þarf því að laga starf sitt að þessu breytta umhverfi. Ýmsar aðgerðir sem grípa þarf til geta verið sársaukafullar, s.s. að hætta ákveðnum verkefnum og fækkun starfsmanna, en það eru reyndar aðgerðir sem mörg systurfélög okkar hafa þurft að grípa til. Nauðsynlegt er að forgangsraða verkefnum enn frekar og betur en gert hefur verið, gera verkefnaáætlanir og endurmeta þörf fyrir öll verkefni og árangur af þeim reglulega.

Áætlanir fyrir árið gerðu ráð fyrir að halli á rekstri landsfélagsins yrði um 200 milljónir. Niðurstaðan varð hins vegar talsvert betri, en hallinn reyndist helmingi minni en áætlað var. Er þá reiknað með 30 milljóna skuldbindingu sem myndaðist á árinu gagnvart Sjúkrabílasjóði. Samningar hafa ekki náðst við ríkisvaldið um sjúkraflutninga. Í fyrstu var það vegna þess að kröfulýsing yfirvalda lá ekki fyrir fyrr en um mitt ár og síðar vegna þess að ríkið vill ekki leggja til það fé sem þarf til að uppfylla þær kröfur sem það hefur sjálft sett fram.

Rauði kross Íslands á því láni að fagna að til hans er borið traust. Það traust metur félagið mikils og vill og getur staðið undir því.

Við viljum þakka sjálfböðaliðum Rauða krossins á Íslandi og starfsfólki félagsins fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Almennings og stjórnvöldum færur við þakkir fyrir stuðning við félagið.

Reykjavík í maí 2012,

Anna Stefánsdóttir,
formaður Rauða kross Íslands

Kristján Sturluson,
framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands

FÉLAGIÐ NÝTUR VIÐURKENNINGAR ALÞJÓÐARÁÐS RAUÐA KROSSINS OG ER AÐILI AÐ ALÞJÓÐASAMBANDI LANDSFÉLAGA RAUÐA KROSSINS OG RAUÐA HÁLFMÁNANS MEÐ ÞEIM RÉTTINDUM OG SKYLDUM SEM ÞVÍ FYLGJA. LANDSFÉLÖGIN ERU 186 MEÐ UM 97 MILLJÓNIR FÉLAGSMANNA OG SJÁLFBÖDALIÐA. TILGANGUR HREYFINGARINNAR ER AÐ VERNDA LÍF OG HEILSU OG TRYGGJA VIRÐINGU FÜRIR MANNLEGU LÍFI, HÚN VINNUR AÐ GAGNKVÆMUM SKILNINGI, VINÁTTU, SAMSTARFI OG VARANLEGUM FRIÐI MEÐAL ALLRA ÞJÓÐA.

Forysta í sjálfboðnu starfi

Stjórn Rauða kross Íslands:



Anna Stefánsdóttir formaður
Anh-Dao Tran
Ágústa Ósk Aronsdóttir 2. varamaður
Einar Sigurðsson gjaldkeri
Esther Brune



Eyrún Sigurðardóttir
Ragna Árnadóttir 1. varamaður
Gunnar Frimannsson varaformaður
Halldór U. Snjólaugsson
Jón Þorsteinn Sigurðsson
Sigríður Magnúsdóttir ritari
Sólveig Reynisdóttir
Stefán Yngvason

Framkvæmdaráð

Anna Stefánsdóttir
Einar Sigurðsson varamaður
Gunnar Frimannsson
Sigríður Magnúsdóttir

Skoðunarmenn

Ólafur Reimar Gunnarsson
Sigrún Camilla Halldórsdóttir

Skyndihjálparráð

Anna María Þórðardóttir
Einar Örn Arnarsson
Erna Árnadóttir
Gunnar M. Baldursson
Gunnhildur Sveinsdóttir
Oddur Eiríksson
Þorsteinn Jónsson

Stjórn Verkefnasjóðs

Stefán Yngvason formaður
Einar Óli Fossdal
Helga Einarisdóttir
Sigríður Magnúsdóttir

Endurskoðunarskrifstofa

Grant Thornton endurskoðun ehf.

Stjórn URKÍ

Margrét Inga Guðmundsdóttir formaður
Anna Eir Guðfínnudóttir meðstjórnandi
Arna Garðarsdóttir meðstjórnandi
Magnús Friðrik Guðrúnarson ritari
Sædis Mjöll Þorsteinsdóttir meðstjórnandi

Stjórn Íslandsspila

Jóhannes Rúnar Jóhannsson
Kristján Sturluson
Sólveig Reynisdóttir

Formenn deilda

A-Húnavatnssýsludeild Hafdís Vilhjálmisdóttir
Akranesdeild Sveinn Kristinsson
Akureyrardeild Jón G. Knutsen
Álftanesdeild Fjóra Ólafsdóttir
Árnesingadeild Sveinn Valgeirsson
Bolungarvíkurdeild Dóra María Elíasdóttir
Borgarfjarðardeild Helga Þorsteinsdóttir
Breiðdalsdeild Unnur Björgvinsdóttir
Búðardalsdeild Kristján Jóhannsson
Dalvíkurdeild Símon Páll Steinsson
Djúpvogsdéild Egill Egilsson
Dýrafjarðardeild Bergur Torfason
Eskifjarðardeild Pétur Karl Kristinsson
Fáskrúðsfjarðardeild Halldór U. Snjólaugsson
Garðabæjardeild Katrín Matthíasdóttir
Grindavíkurdeild Ágústa Gísladóttir
Grundarfjarðardeild Bryndís Theódórsdóttir

Hafnarfjarðardeild Ingibjörg Ásgeirsdóttir
Héraðs- og Borgarfj. Málfríður Björnsdóttir
Hornafjarðardeild Ásgerður Gylfadóttir
Húsavíkurdeild Erla Bjarnadóttir
Hvammstangadeild Sæunn Valdís Sigvaldadóttir
Hveragerðisdeild Örn Guðmundsson
Ísafjarðardeild Hrefna Magnúsdóttir
Kjósarsýsludeild Gísli Friðriksson
Klaustursdeild Guðveig Hrólfssdóttir
Kópavogsdéild Ingibjörg Lilja Diðriksdóttir
Norðfjarðardeild Þorgerður Malmquist
Ólafsfjarðardeild Helga Stefánsdóttir
Rangárvallasýsludeild Árni Þorgilsson
Reyðarfjarðardeild Sigurður Ásgeirsson
Reykjavíkurdeild Stefán Yngvason
Seyðisfjarðardeild Guðni Sigmundsson
Siglufjarðardeild Ólafur Sigurðsson

Skagafjarðardeild Gunnar Jóhannsson
Skagastrandardeild Sigrún Líndal Prastardóttir
Snæfellsbæjardeild Elfa Ármannsdóttir
Strandasýsludeild Hlíf Hrólfssdóttir
Stykkishólmsdeild María Guðmundsdóttir
Stöðvarfjarðardeild Þóra Björk Nikulásdóttir
Suðurnesjudeild Rúnar Helgason
Súðavíkurdeild Sigurdís Samúelsdóttir
Súgandafjarðardeild Bryndís Ásta Birgisdóttir
V-Barðastrandarsýsludeild Helga Gísladóttir
Vestmannaeyjudeild Sigmar Georgsson
Víkudeild Sveinn Þorsteinsson
Vopnafjarðardeild Hrund Snorradóttir
Þórshafnardeild Steinunn Guðnadóttir
Öndurfjarðardeild Edda Graichen
Öxarfjarðardeild Helga Árnadóttir

Tekjur og útgjöld

Rauði kross Íslands vinnur umfangsmikið starf við fjölbreytt verkefni innanlands og erlendis. Alls var ráðstafað 1.497 milljónum króna til þeirra á árinu 2011.

Tekjur Rauða krossins af söfnunarkössum lækkuðu um 7,5% milli árunna 2010 og 2011. Lækkunin að raungildi, að teknu tilliti til verðlags, er hins vegar 11%.

263 milljónir króna fóru til rekstrar sjúkrabíla. Rauði krossinn lagði 15 milljónir til rekstrarins en aðrar tekjur koma frá ríkinu og notendum þjónustunnar.

Útgjöld Rauða krossins umfram tekjur voru 74 milljónir króna.

Frjáls framlög námu 239 milljónum króna. Þar af voru félagsgjöld rúmar 12 milljónir og runnu til deilda Rauða krossins.

Lykiltölur úr rekstrinum


	2011	2010	2009	2008
Tekjur og framlög				
Tekjur af söfnunarkössum	473 620	512 102	581 731	615 380
Gjafir og framlög	239 384	310 313	264 624	234 152
Samingsbundin verk við stjórnvöld	227 891	202 831	173 865	150 375
Sjúkraflutningar	141 369	129 249	116 888	93 227
Tekjur af sölustarfsemi	246 321	192 879	151 528	128 195
Aðrar tekjur	94 622	151 738	193 879	248 163
Samtals	1 423 207	1 499 112	1 482 515	1 469 492
Framlög til nokkurra verkefna				
Alþjóðahjálparstarf	312 012	346 248	328 407	326 037
Alþjóðasamstarf	52 230	71 670	61 864	65 984
Innanlandsstarf	588 347	608 193	561 563	470 044
Sjúkraflutningar	263 296	264 457	250 793	264 729
Hjálparsíminn	30 226	29 078	29 243	25 445
Athvörf Rauða krossins	75 131	71 774	70 550	71 336

Sala á notuðum fatnaði skilaði Rauða krossinum 84 milljón króna tekjuafgangi á árinu.

Á árinu söfnuðust um 57 milljónir vegna hungursneyðar í Sómalíu. Þar af komu 20 milljónir frá áður nefndri fatasölu.

Útgjöld til alþjóðlegs hjálparstarfs námu 312 milljónum króna. Þar af var 197 varið til neyðaraðstoðar og 115 til þróunaraðstoðar. Stór hluti neyðaraðstoðarinnar var vegna Sómalíu eða 61 milljón króna.

Útgjöld til innlendra verkefna voru 588 milljónir króna. Neyðaraðstoð til einstaklinga nam 22 milljónum. Einnig var 22 milljónum varið til virknisetra fyrir atvinnuleitendur. Kostnaður Rauða krossins við verkefni, sem tengjast beint efnahagsástandinu, nam alls um 85 milljónum króna.



Ýmsir viðburðir úr starfinu



Janúar

Öflugt skákstarf í Vin

Skáklfélag Vinjar hélt hið árlega nýársmót þann 17. janúar og voru þeir Jónas Jónasson, Páll Snædal Andrason og Birgir Berndsen í 1., 2. og 3. sæti. Yfir 50 manns eru skráðir í félagið og fjölgar sífellt í hópnun. Félagið samanstendur af fólki með geðraskanir, þ.e. notendum athvarfsins, sem og vinum og velunnurum. Einnig hafa öflugir skákmenn gengið í félagið úr öðrum keppnisfélögum og skráð sig í skáklfélag Vinjar. Í Vin er teft einu sinni í viku og mót haldið u.þ.b. mánaðarlega. Skáklfélagið sendi tvö lið á Íslandsmót skáklfélaga þar sem A liðið er í þriðju deild og B liðið í þeirri fjórðu.

Febrúar

Hundurinn Bjartur styður Rauða krossinn

Íslenski fjárhundurinn Bjartur fagnaði 10 ára afmæli sínu í febrúar en samkvæmt gamalli þumalfingursreglu jafngildir eitt hundsár sjö mannsárum og því lætur nærri að hann sé sjö-tugur. Bjartur er einn af 45 heimsóknahundum Rauða kross Íslands og hefur frá byrjun árs 2010 tekið þátt í verkefnum. Hann heimsækir vistmenn í Drafnarhúsi, dagvistun fyrir fólk með heilabilun, í Hafnarfirði. Af tilefni afmælisins óskaði Bjartur eftir því að aðdáendur hans myndu ekki spandera í afmælisgjafir heldur styrktu hjálparstarf Rauða krossins.

Mars

Jarðskjálfti og flóðbylgja í Japan

Jarðskjálfti reið yfir Japan 11. mars og átti hann upptök sín undan austurströnd landsins. Gífurleg flóðbylgja fylgdi í kjölfar skjálftans og fórust nærri 16.000 manns í hamförunum. Rauði krossinn á Íslandi aðstoðaði aðstandendur hér á landi við að ná sambandi við ástvini sína og stóð fyrir fjársöfnun til styrktar hjálparstarfi þar. Ungur menntaskólanemi kom á landsskrifstofu Rauða krossins og gaf 50.000 krónur til Japanssöfnunar Rauða krossins í nafni kærustu sinnar. Gjöfin var afmælisgjöf frá honum til hennar.

Apríl

Geta pabbar ekki grátið?

Hjálparsími Rauða krossins 1717 stóð fyrir átaki í apríl undir yfirskriftinni „Geta pabbar ekki grátið?“. Hjálparsíminn er að jafnaði með átaksvikur tvisvar á ári. Ákveðið var að þessu sinni að einblína á fjárhagsáhyggjur og vekja athygli karla á hjálparsímanum, ekki síst vegna þess að 60% þeirra sem hringja í símann eru konur en aðeins 40% karlar. Átakið var unnið í samstarfi við umboðsmann skuldara og bent var á nýjustu úrræðin fyrir skuldara. Símtölum varðandi fjármál fjölgaði töluvert á meðan á átakanu stóð, sérstaklega frá körlum.

Maí

Flugslysaæfing á Hornafjarðarflugvelli

Sjálfbóðaliðar Hornafjarðardeildar Rauða krossins tóku þátt í flugslysaæfingu á Hornafjarðarflugvelli í maí. Opnuð var fjöldahjálparstöð og söfnunarsvæði aðstandenda í Hafnararskóla. Skyndihjálpar og aðhlyningur var veitt á söfnunarsvæði slasaðra í flugstöðinni. Þá útvegaði deildin einnig sjálfbóðaliða til að leika aðstandendur á æfingunni. Hluti af undirbúningi fyrir æfinguna fólst í fræðslu- og undirbúningsfundum þar sem farið var yfir neyðarvarnir, sálrænan stuðning, bráðaflokkun og áverkamat, móttöku þyrlu á slyssað, böruburð og vinnulag í flugslysum. Samhæfingar- miðstöð almannavarna tók þátt í æfingunni.

Júní

Börn og umhverfi

Í júní lauk námskeiðunum Börn og umhverfi fyrir ungumenni 12 ára og eldri sem deildir víða um land standa fyrir snemmsumars ár hvert. Á námskeiðinu er farið í ýmsa þætti er varða umgengni og framkomu við börn. Rætt er um árangursrík samskipti, leiðtogaþæfni, agastjórnun, umönnun og hollar lífsvenjur, leiki og leikföng. Fjallað er um slysavarnir og algengar slysaþættir og veitt ítarleg kennsla í skyndihjálpar. Þátttakendur fá innsýn í sögu og starf Rauða krossins. Námskeiðin Börn og umhverfi hafa notið mikilla vinsælda meðal ungmenna undanfarin ár og komast oft færra að en vilja.



Júlí

Öflugur skyndihjálparhópur

Nýstofnaður skyndihjálparhópur deilda Rauða krossins á höfuðborgarsvæðinu hafði nóg fyrir stafni í júlímánuði. Sjálfbóðaliðar hópsins heimsóttu fjölmörg sumarnámskeið Rauða krossins og héldu stuttar skyndihjálparþykningar. Þá hefur hópurinn verið duglegur við að halda fundi og þróa starfið. Markmið hópsins er að fjölga þátttakendum á skyndihjálparnámskeiðum Rauða krossins verulega, meðal annars með því að fara í heimsóknir til fyrirtækja og stofnana, halda skyndihjálparþykningar í verslunarmiðstöðvum og á bæjarhátíðum og standa fyrir fjölbreyttri útgáfu kynningarefnis.

Ágúst

Fjör í sumarþóðum Rauða krossins

Hátt í 45 ungumenni tóku þátt í sumarþóðum Ungmennahreyfingar Rauða krossins í Alvíðru í Ölfusi. Þátttakendur voru á aldrinum 12-16 ára, víðsvegar af landinu. Leiðbeinendur voru sjálfbóðaliðar URKÍ á aldrinum 18-30 ára. Í þóðunum var farið í fjölbreytta leiki jafnframt því sem unnin voru verkefni sem tengjast mannréttindum, mannúðarhugsjónum og hjálparstarfi Rauða krossins. Einnig var mikið lagt upp úr útivist, kvöldvökum og annari skemmtun.

September

Hlutverkaleikurinn „Á flóttu“

Hlutverkaleikurinn „Á flóttu“ var haldinn 27. september í gömlu herstöðinni í Keflavík á vegum Reykjavíkurdéildar. Í leiknum setja þátttakendur sig í spor flóttamanna og hælisleitenda í einn sólarhring. Markmiðið er að veita þátttakendum skilning á stöðu flóttamanna og hælisleitenda og draga þannig úr fordómum. Vinsældir leiksins hér á landi hafa spurst út fyrir landsteinana. Þannig komu 38 sjálfbóðaliðar og starfsmenn Rauða kross deilda frá Pýskalandi, Írlandi, Ítalíu og Belgíu til að taka þátt í leiknum og ráðstefnu helgaðri honum með það að markmiði að setja hann upp í heimalandi sínu.

Október

Tíminn er dýrmætur

Í Rauðakrossvikunni vakti félagið athygli á framlagi sjálfbóðaliða Rauða krossins til samfélagsins undir yfirskriftinni Tíminn er dýrmætur. Forseti Íslands heimsótti unga sjálfbóðaliða Kópavogsdéildar af þessu tilefni. Á Íslandi starfa rúmlega 3000 sjálfbóðaliðar með Rauða krossinum eða einn af hverjum 100 Íslendingum. Meðaltalið í öðrum löndum heims er einn af hverjum 30.000. Um 10.000 manns nota þjónustu Rauða kross Íslands reglulega. Ársframlag sjálfbóðaliða Rauða krossins er 145 ársverk og miðað við meðallaun er framlag þeirra allt að 700 milljóna virði í krónum talið.

Nóvember

BRJÓTUM MÚRA á Akranesi

Ráðstefnan Brjótum múra var haldin á vegum Akranesdeildar 4.-5. nóvember og sóttu vel á annað hundrað manns hvorn ráðstefnudag. Markmiðið með ráðstefnunni var að stuðla að opinri samræðu um fjölmenningsamfélagið og málefni innflytjenda sem tóku virkan þátt jafnt sem framsögumenn og þátttakendur í pallborði. Verkefni BRJÓTUM MÚRA! var hleypt af stokkunum á Akranesi árið 2011 og stendur það yfir í eitt ár. Því er ætlað að draga úr fordómum og er unnið í samstarfi Akranesdeildar Rauða krossins, Akraneskaupstaðar, Velferðarráðuneytisins og Evrópusambandsins.

Desember

Alþjóðlegur dagur sjálfbóðaliðans

Rauði krossinn hélt upp á Alþjóðlegan dag sjálfbóðaliðans 5. desember og stóðu nokkrar deildir félagsins fyrir ýmiss konar viðburðum af þessu tilefni. Á þessum degi heiðrar Rauði kross Íslands ávallt sína yngstu sjálfbóðaliða, tombólubörn, en um 500 tombólubörn lögðu félaginu lið á þessu ári. Börnin fá sent viðurkenningarskjal og upplýsingar um hvernig framlag þeirra er notað. Tombólupeningum var að þessu sinni varið til hjálpar börnum í Japan eftir hamfarirnar sem urðu þar í mars og í Sómalíu þar sem mikil hungursneyð ríkti vegna þurrka.



Stuttu eftir upphaf gossins í Grímsvötnum náði mökkurinn í nærri 20 km hæð. Myndina tók Ólafur Sigurjónsson í Forsæti III.

Öflugasta sprengigos í Grímsvötnum í 100 ár

Eldgos í Grímsvötnum í Vatnajökli hófst síðdegis 21. maí 2011, sama dag og aðalfundur Rauða kross Íslands var haldinn í Reykjanesbæ. Strax við upphaf gossins sást gosmökkurinn frá Egilsstöðum, Selfossi og Reykjanesbæ. Gosmökkurinn var kominn í 19-20 kílómetra hæð á nokkrum klukkustundum. Um 1000 íbúar voru á hamfarasvæðinu og varð fljótlega vart við öskufall í byggð víða á Suðurlandi.

Fyrstu viðbrögð

Samhæfingarstöð almanna- og almannavarna í Skógarhlíð var strax virkjuð með fullri áhöfn og skiptu fulltrúar Rauða krossins með sér vöktum þar á hverjum degi á meðan gosið stóð sem hæst. Þá var Hjálparsími Rauða krossins 1717 virkjaður sem upplýsingasími eins og jafnan er gert í almannavarnaástandi.

Þjóðvegi 1 var lokað frá Vík í Mýrdal austur að Kvískerjum við upphaf gossins og hann vaktaður af lögreglu, þar sem hættu var talin á jökulhlaupi. Var hann að mestu lokaður til 24. maí á meðan gosmökkurinn lá þar yfir. Öskufall var mikið, aðallega suður og suðaustur af gosstöðvunum.

Mikilvægi þjónustumiðstöðva í skipulagi almanna- og endurreisnarstarfi var staðfest í viðbrögðum við jarðskjálfta á Suðurlandi 2008 og eldgosunum 2010. Almennur, fjölmiðlar, stofnanir og aðrir fengu þar upplýsingar og þjónustu vegna eldgossins í Grímsvötnum, auk þess sem miðstöðvarnar unnu

með stjórnvöldum að enduruppbyggingu að hamförunum loknum.

Rauði krossinn í Vestur-Skaftafellssýslu

Sunnudaginn 22. maí var opnuð fjöldahjálparstöð í félagsheimilinu á Klaustri. Mikið öskufall var á svæðinu og var lögð áhersla á að koma ferðamönnum burt. Heimamenn voru hvattir til að halda sig innandyra.

Fjöldahjálparstöð var í félagsheimilinu fyrstu dagana og var hún mönnuð sjálfbóðaliðum Klausturdeildar sem meðal annars ráku mótuneyti fyrir hjálparliða og aðra og reiddu fram tæplega 400 máltíðir á þessum tíma.

Víkurdeild opnaði fjöldahjálparstöð í skamm- an tíma í Vík í Mýrdal, aðallega til að deila út rykgrímum og hlífðargleraugum vegna öskufalls á svæðinu.

Rauði krossinn í Austur-Skaftafellssýslu

Fjöldahjálparstöð var opnuð í Hofgarði í Örfæfum strax um kvöldið eftir að gosið hófst en þangað sótti ferðafólk sem hafði verið á Vatnajökli um daginn. Sautján félögum Hjálparseitar skáta í Reykjavík sem verið höfðu á Vatnajökli var einnig útveguð gisting á dýnum í Hafnarskóla á Höfn í Hornafirði.

Á íbúafundi í Hofgarði mánudaginn 23. maí var ákveðið að opna þjónustumiðstöð þar fyrir



Aska lá yfir öllu. Myndin er tekin við sumarbústað við Kirkjubæjarklaustur.

íbúana í Örfæfum sem yrði opin frá 15-17 daglega uns annað yrði ákveðið og opnuðu tveir félagar frá Rauða krossinum á Höfn og tveir frá Slysavarnadeildinni Framtíð þjónustumiðstöðina formlega daginn eftir.

Ekkert öskufall hafði verið í Örfæfum frá deginum áður og var því fremur létt yfir fólki og boðið upp á kaffi og pönnukökur. Farið var í heimsókn á nokkra bæi, helst þar sem eldra fólk bjó, og gengið úr skugga um að ekkert amaði að fólkinu.



Sjálfbóðaliðar Rauða krossins komu að öskuhreinsun á svæðinu. Hér má sjá Hilmar Bergmann frá Kjósarsýsludeild.

Endurreisn og hreinsunarstörf

Miðað við magn gosefna var eldgos í Grímsvötnum öflugasta sprengigos þar í 100 ár. Það var hinsvegar tiltölulega stutt, fljótlega dró mjög úr krafti þess og voru formleg goslok sett klukkan sjö að morgni laugardagsins 28. maí 2011.

Strax eftir að gosi lauk var hafist handa við endurreisn á svæðinu. Áhersla var lögð á hreinsunarstarf hjá ferðþjónustuaðilum og íbúum svæðisins. Samtals 35 manns tóku þátt í hreinsunarstarfinu, þar af margir úr verk- efninu TAKTI, virkniúrræði fyrir atvinnulaus ungmenni, en auk þeirra tóku sjálfbóðaliðar og Liðsauki Rauða krossins þátt.

Nokkur heimavatnsból fóru illa og þurfti að bora eftir vatni. Þjónustumiðstöðin var opin í umdæminu fram í nóvember 2011.



Íbúafundur var haldinn í Hofgarði og í kjölfarið sett upp þjónustumiðstöð.

Eins og nýsmurð vél

Aðgerðir Rauða kross Íslands í tengslum við eldgos í Grímsvötnum voru 2011 einkenn- ust af sneru og fagmennsku enda var kerfið ákaflega vel smurt og hnökralaust eftir gosið í Eyjafjallajökli árið áður. Ekki var gripið til rýminga og því var ekki mikið álag á fjölda- hjálparstöðvar. Upplýsingamiðlun og sam-



Kristín Ásgeirsdóttir, matráðskona grunnskólans, Ingólfur Hartvigsson, sóknarprestur, Guðveig Hrólfsdóttir, formaður Klaustursdeildar, og Elín Þóra Guðmundsdóttir, aðstoðarkona Kristínar, en þær tvær stóðu vaktina í mótuneytinu.

starf við almannavarnadeild ríkislögreglu- stjóra var til fyrirmyndar. Starfið tók í raun aðeins rúmar þrjár vikur frá því gosið hófst þangað til síðasti Rauða kross maðurinn lauk störfum sínum í þjónustumiðstöðinni á Kirkjubæjarklaustri. Alls tóku 63 einstaklingar þátt í starfinu fyrir hönd Rauða krossins. ■

Hlaup í Múlakvísl

Fjöldahjálparstöðvar Rauða krossins í Vík og á Kirkjubæjarklaustri voru opnaðar snemma dags 9. júlí þegar hlaup hófst í Múlakvísl austan Víkur, brúna þar tók af og rýma þurfti bæi í Álftaveri og Meðallandi.

Í fjöldahjálparstöðina í Vík kom 14 manna franskur ferðahópur fyrir hádegi og dvaldi fram eftir degi, og auk þess fjölskyldur sem



Matthildur Pálsdóttir, Margrét Einarsdóttir og Jóna Sigurbjartsdóttir, sjálfbóðaliðar Klaustursdeildar, skrá þá sem koma í fjöldahjálparstöðina á Kirkjubæjarklaustri.



Hlaupið tók brúna yfir Múlakvísl með sér. Mynd: Jónas Erlendsson.

björgunarsveitin hafði sótt í Þakgil. Þá fékk nokkur fjöldi ferðamanna ráðleggingar um ferðaleiðir við breyttar aðstæður. Alls þáðu 60-70 manns aðstoð í Vík þennan dag.

Sjálfbóðaliðar deildanna á svæðinu tóku samtals á móti á þriðja hundrað manns, mest þó á Kirkjubæjarklaustri þar sem ættarmóts-

gestir í Álftaveri þurftu að taka sig upp en einnig komu 40 íbúar á rýmingarsvæðinu í fjöldahjálparstöðina þar.

Rýmingu var aflétt klukkan þrjú en fjöldahjálparstöðvarnar voru hafðar opnar á meðan á þurfti að halda. ■

Rútuslys í Blautulónum

Þann 6. ágúst opnaði Víkurdeild fjöldahjálparstöð í grunnskólanum vegna rútuslyss í Blautulónum en þar hafði fjallabíll með 22 tékkneska ferðamenn farið á bólakaf. Allir björguðust en fólk og farangur blotnaði. Deildin í Vík tók á móti fólkinu og fengu þeir sem voru blautir þurr föt og aðhlynningu lækni og hjúkrunarfólks. Fólkinu var útveguð

gisting og voru föt og farangur þurrkaður.

14 manns komu að þessum aðgerðum; Víkurdeild Rauða krossins, björgunarsveit, lögregla, lækni, hjúkrunarfólk, prestur og kvenfélagskonur. Víkurdeild lagði út fyrir fatnaði handa fólkinu og fékk útlagðan kostnað greiddan frá ferðaskrifstofu hópsins. ■



Rúta með tékkneskum ferðahópi fór á bólakaf í Blautulón. Hér er bílnum komið á þurr. Mynd: Landsbjörg.



Góðan daginn seppi minn, hvað heitir þú?



Göngutúr með hund sameinar hreyfingu og félagskap.



Glæsilegur Rauða kross hundur í heimsókn á Egilsstöðum.

Heimsóknavinir í sókn

Heimsóknavinir er eitt eftirsóttasta sjálfbodoaverkefni Rauða krossins. Í lok árs buðu 47 deildir upp á heimsóknþjónustu eða önnur verkefni sem draga úr félagslegri einangrun. Um 550 heimsóknavinir fóru í vikulegar heimsóknir til um 650 manns á árinu.

Þörfin fyrir heimsóknvini er brýn og raunveruleg. Kannanir sýna að einstæðingar, félagslega einangrað og einmana fólk stendur einna verst í íslensku samfélagi. Einsemd skerðir lífsgæði og getur auðveldlega fengið fólk til að upplifa að það sé einskis nýtt og þar af leiðandi finnur það fyrir mikilli depurð og jafnvel þunglyndi.

Rannsóknir hafa sýnt að það er mikil fylgni á milli einmanaleika og truflunar í ónæmiskerfi sem þýðir að einmana fólk verður miklu opnara fyrir sjúkdómum, til dæmis veirusýkingum, krabbameini og jafnvel Alzheimer. Þetta eru helstu ástæðurnar fyrir því að heimsóknavinir eru eitt af mikilvægum verkefnum Rauða krossins.

Markmið heimsóknvina er að draga úr einsemd og rjúfa einangrun gestgjafans. Öll höfum við þörf fyrir félagskap, nærveru og hlýju.



Hundar sem fara í heimsóknir þurfa að vera þrúðir og halda ávallt ró sinni.

Heimsóknavinir færa þeim sem þeir heim-sækja þessa lykilþætti mannlegrar tilveru og bæta þannig heilsu og auka lífsgæði þeirra.

Heimsóknavinir Rauða krossins fara meðal annars á heimili fólks, dvalarheimili og sjúkrahús og heimsækja gestgjafa sína að jafnaði einu sinni í viku klukkutíma í senn. Stundum er nærveran það eina sem þarf, á meðan aðrir spjalla um heima og geima, fara í göngutúr eða í bíltúr.

Hundaheimsóknir slá í gegn

Hundaheimsóknir verða sífellt vinsælli og fékk það verkefni mikla fjölmiðlaathygli á árinu. Alls voru 45 hundar, sem allir hafa þurft að standast ákveðið próf, í heimsóknum ásamt eigendum sínum.

Þeir sem þekja til hunda vita hversu góð nærvera og samskipti við hunda geta verið. Rannsóknir sýna einnig að þeir sem umgangast dýr reglulega þjáast síður af streitu og blóðþrýstingur og tilfinningalíf þeirra er í meira jafnvægi. Hundar reynast gjarnan skil-yrðislausir í væntumþykju í garð fólks og geta gert kraftaverk við að létta lund fólks.

Fjörtán námskeið voru haldin víðs vegar um landið á árinu fyrir 166 verðandi heimsóknvini og því er ljóst að verkefnið heimsóknvini er í mikilli sókn. Heimsóknvini segja starfið auka víðsýni sína, vera lærdómsríkt og afar gefandi.



Öll höfum við þörf fyrir félagskap, nærveru og hlýju.

Árið 2011 var hafist handa við gerð fræðslumyndar fyrir sjálfbodoaliða til að undirbúa þá til að starfa sem heimsóknavinir. Myndin lýsir uppruna verkefnisins og hvers vegna Rauði krossinn sinnir því, auk þess sem farið er yfir félagslega einangrun og áhrif hennar á líðan fólks.

Fjallað er um hverjir eru heimsóttir og hvaða eiginleikum heimsóknvini þurfa að vera gæddir. Farið er yfir samskiptareglur, reglur um trúnað og háttsemi í heimsóknum, bæði hvað varðar nærgætni og samskiptatækni.

Þá er skýrt í myndinni hvernig stuðningi við heimsóknvini og eftirfylgni með heimsóknum er háttáð og heim-sóknvini segja frá starfi sínu og hvað þeir fá út úr því. Áætlað er að myndin verði tilbúin sumarið 2012. ■

Fleiri komur í Frú Ragnheiði

Tímamót í rekstri skaðaminnkunarverkefnis Reykjavíkurdeildar urðu þann 21. febrúar 2011 þegar sjúkrabíllinn Frú Ragnheiður var tekinn í notkun. Verkefnið hefur þann tilgang að ná til jaðarhópa samfélagsins, t.d. úti-gangsfólks, heimilislausra og fíkla, og bjóða þeim almenna heilsuvernd. Hjólhýsi hafði verið notað síðan 2009 en með tilkomu bílsins fjölgaði viðkomustöðum og vöktum og í kjölfarið einnig heimsóknum í bílinn.



Helga Sif Friðjónsdóttir og Helena Bragadóttir sem starfa í Frú Ragnheiði tóku á móti forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni í Rauðakrossvikunni í október 2011.

Komur í bílinn á árinu 2011 voru 1.042 miðað við 843 á árinu 2010. Alls leituðu 152 karlar og 54 konur til Frú Ragnheiðar á árinu og var tilgangurinn sprautu- og nálaskipti í 84% tilfella. Aðrar ástæður voru sárahreinsun, um-búðaskipti, blóðþrýstingsmæling, áverka- eða sýkingamat.

Fleiri komur í bílinn og vaxandi magn af notuðum sprautum og nálum sem er skilað í hann er vísbending um að þessi þjónusta geti dregið úr sýkingahættu á meðal fíkla og fækkað tilfellum þar sem notaðar sprautur og nálur eru skildar eftir á víðavangi. ■

Sálrænn stuðningur og upplýsingasími á neyðartímum

Árið 2011 bárust nærri 21.000 símtöl til Hjálparsíma Rauða krossins eða að meðaltali 58 símtöl á dag. Í lok ársins voru 97 sjálfbodoaliðar á skrá hjá Hjálparsímanum auk fimm starfsmanna í fjórum stöðugildum. Símsvörun hófst á Akureyri á haustdögum. Akureyrardeild heldur utan um verkefnið í samstarfi við Háskólann á Akureyri en þriðja árs nemar í sálfræði við skólann svöruðu í símann eina helgi í mánuði.

Flest símtölin snerust að vanda um sálrænan stuðning vegna þunglyndis, kvíða eða vanlíðunar. Þá komu upp félagsleg mál, s.s. samskiptaörðugleikar, fjármálavandræði og forræðiseiður, en einnig voru mörg símtöl vegna heilbrigðismála, ofbeldis og áfengis- og fíkniefnaneyslu.

Hjálparsíminn var samstundis virkjaður vegna gossins í Grímsvötnum og gegndi hlutverki



upplýsingasíma almanna. Talsvert var um hringingar í símann og þá einna helst vegna upplýsinga um gosið, færð og aðbúnað á svæðinu. Hjálparsími Rauða krossins 1717 er landsverkefni sem allar deildir félagsins styðja fjárhagslega en Reykjavíkudeild rekur. ■

Stuðningur við atvinnuleitendur

Ungt fólk til athafna verkefnið var rekið í sjö deildum víðsvegar um landið á árinu 2011 í samstarfi við Vinnumálastofnun. Alls 563 ungir atvinnuleitendur á aldrinum 18-29 ára voru skráðir í verkefnið með það að markmiði að sinna sálfbodoaliðastörfum hjá Rauða krossinum að lágmarki átta stundir í viku. Verkefninu lauk í lok árs hjá fimm deildum en var framlengt um sex mánuði hjá Akranesdeild og Akureyrardeild.

Nýttu tímarnir verkefnið hjá Kópavogsdeild var í gangi frá janúar til maí. Dagskráin var sniðin að þörfum atvinnuleitenda og var boðið upp á ráðgjöf, námskeið og afþreyingu. Viðburðir voru alls 114 og gestakomur samtals 342 á tímabilinu.


Deiglan er samstarfsverkefni Hafnarfjarðardeildar og Hafnafjarðarbæjar með það markmið að skapa vettvang fyrir atvinnuleitendur í



Krían máluð í Rauðakrosshúsinu í Kjós.

Hafnarfirði til sjálfsefingar og virkni í atvinnuleit. Allt upp í 111 gestakomur voru þar á viku.

Á haustdögum 2011 var ákveðið að loka Rauðakrosshúsinu í Reykjavík á fyrri hluta ársins 2012 en húsið var opnað í kjölfar efnahags-hrunsins 2008. Ástæðan fyrir lokuninni var sú að úrræðin sem voru þar í boði voru ekki að nýtast atvinnuleitendum sem skylði og aðsókn hafði farið minnkandi. ■





Á neyðartímum er Hjálparsími Rauða krossins



1717

Upplýsingasími Almannavarna

Neyðarvarnir og viðbúnaður:

-  Um 80 sjúkrahús*
-  Um 110 fjöldahjálparstöðvar*

Um 750 þjálfaðir fjöldahjálparstjórar
 50 deildir Rauða krossins starfa um allt land
 Um 20.500 félagar eru í Rauða krossi Íslands
 Um 3.800 skráðir sjálfboðaliðar eru til taks

* Tölustafir segir til um fjölda á hverjum stað.



Sjálfbóðaliðar á fullu við fatapökkun í húsnæði Fatasöfnunar.



Stoltir krakkar á námskeiði um börn og umhverfi sem haldið var í Fjallabyggð, ásamt Helgu Stefánsdóttur, formanni Ólafsfjarðardeildar og Elínu Arnardóttur, hjúkrunarfræðingi.



Krakkar á aldrinum 7-12 ára fengu kynningu á skyndihjálpi á Gleðidögum hjá Kjósarsýsludeild.

Sjálfbóðaliðar og fyrirtæki bera uppi fataverkefnið

Enn eitt árið styrkir fataverkefnið sig í sessi sem eitt af mikilvægustu fjáröflunarverkefnum Rauða krossins. Fatasöfnun skilaði 84 milljónum í Hjálparsjóð Rauða krossins á árinu 2011.

Rauða krossinum berast fót víða að. Söfnunargámar eru staðsettir á endurvinnslu-stöðvum Sorpu, bensínstöðvum Ólís og víðar. Þá þrjóna og sauma sjálfbóðaliðar fatnað sem meðal annars er seldur í Rauðakrossbúðunum.

Aukið umfang fataverkefnis Rauða krossins birtist ekki síst í fjölgun Rauðakrossbúðanna en þær eru nú fimm á höfuðborgarsvæðinu og á átta stöðum á landsbyggðinni.

Rekstur verslananna gekk mjög vel á árinu. Til dæmis nam salan 51 milljón í búðinni á Laugavegi 12, sem er aukning um meira en 57% frá fyrra ári. Allur ágóði af sölnunni rennur í Hjálparsjóð, sem er nýttur í þróunar- og neyðaraðstoð erlendis.

Rúmlega 1100 tonn af fatnaði í 81 gámi voru flutt út til sölu og endurvinnslu árið 2011 sem er aukning um tæp 24% frá 2010.

Fatnaði er úthlutað til bágstaddir héraðs einu sinni í viku. 1400 einstaklingar fengu úthlutað fatnaði á árinu auk þess sem ýmsar stofnanir, fangelsi og meðferðarheimili fengu fatnað fyrir sína skjólstæðinga.



Í samstarfi við Eimskip var árlegt átak í fatasöfnun við allar sundlaugar 2. júní 2011.

Skipulagsbreytingar
Stjórn Rauða krossins ákvað á árinu 2011 að Fatasöfnunin yrði að landsverkefni. Kópavogsdeild hefur tekið að sér rekstur verslana á höfuðborgarsvæðinu en verslanir úti á landi verða áfram reknar af viðkomandi deildum. Þá færast ýmsir þættir verkefnisins Föt sem framlag til Fatasöfnunar.



Ofurþrjónakonan Inga Dóra Þorkeldsdóttir á Akranesi afhendir 10 pakkka í verkefnið Föt sem framlag.

Skjólstæðingar Rauða krossins erlendis nutu líka góðs af fataverkefninu. Sjálfbóðaliðar á Íslandi útbjuggu mörg þúsund fatapakka með hlýjum fötum fyrir 0-16 ára börn og ungmenni sem sendir voru til bæði Malaví og Hvíta-Rússlands. Innihald pakkanna var valið í samvinnu við skjólstæðinga Rauða krossins í löndunum. Til Malaví voru einnig send meira en 6.000 sköpör og einnig tjöld, teppi, svefnpokar og skólatöskur.

Miklar frosthörkur eru í Hvíta-Rússlandi á veturna og fer frostið á tíðum niður fyrir 30 gráður. Hlýir sokkar, peysur og heimaprjónaðar húfur í pökkunum frá Íslandi ylja því mörgum börnum á erlendri grundu.



Krakkar í Hvíta-Rússlandi glafir og stoltir með íslenskar þrjónahúfur.

Meira að segja garmar

Meira að segja gamlar gardínur, rifin rúmföt og háöldruð handklæði eiga erindi í söfnunargámana. Vefnaðarvara og fatnaður sem ekki er nothæfur er seldur til endurvinnslu og skilar þannig verðmætum.

Fatasöfnunin stendur og fellur með dyggum stuðningi Eimskips-Flytjanda, Sorpu og þeirra hundruða sjálfbóðaliða sem þrjóna, sauma, flokka, pakka og standa vaktina í verslunum allan ársins hring. ■

Rauðakrossbúðir

Laugavegi 12, 101 Reykjavík
Laugavegi 116, 105 Reykjavík
Mjóddinni, 109 Reykjavík
Strandgötu 24, 220 Hafnarfirði
Garðatorgi, 210 Garðabæ
Viðjulundi 2, 600 Akureyri
Borgarbraut 61, 310 Borgarnesi
Smíðjuvöllum 8, 230 Reykjanesbæ
Fjarðarbraut 48, 755 Stöðvarfirði
Strandgötu 50, 735 Eskifirði
Dyngskógum, 700 Egilsstöðum
Tjarnarásí 9, 700 Egilsstöðum
Víkurbraut, 780 Höfn í Hornafirði

Stanslaus þjálfun og nýjar leiðbeiningar í skyndihjálpi

Meira en 5.500 manns hlutu þjálfun í skyndihjálpi á ríflega 360 skyndihjálparnámskeiðum hjá Rauða krossinum á árinu 2011. Þá gáfu landsfélög Rauða krossins í Evrópu og Ameríku í fyrsta sinn út sameiginlegar leiðbeiningar í skyndihjálpi.

Allt frá stofnun Rauða krossins hefur verið lögð áhersla á skyndihjálpi hjá landsfélögum Rauða krossins um allan heim. Hér á landi hefur Rauði kross Íslands frá stofnun haft forystu í skyndihjálparfræðslu og hefur það starf gert fjölda Íslendinga til sjós og lands kleift að bjarga mannlífi á neyðarstundu.

Um 190 námskeið voru haldin fyrir hópa og fyrirtæki á vegum landsskrifstofu Rauða krossins á árinu 2011 auk þess sem 31 deild félagsins víða um land hélt um 170 námskeið. Heildarfjöldi þátttakenda var ríflega 5500 manns og bætist allt það fólk í hóp þeirra tugþúsunda sem hlotið hafa skyndihjálparþjálfun á liðnum árum. Flest námskeiðin eða um 220 voru fjögurra klukkustunda löng, 57 voru 12 klukkustunda löng en önnur voru átta eða tveggja klukkustunda löng.

Á námskeiðunum læra þátttakendur grundvallaratriði í skyndihjálpi og endurlífingun svo þeir verði hæfir til að veita fyrstu hjálpi á slyssað og við önnur neyðartilfelli. Reynslan sýnir að fólk sem kann grundvallaratriði í skyndihjálpi getur bjargað mannlífi í stað þess að horfa ráðalaust á.

Hundruð barna eldri en tólf ára fengu einnig grunnþjálfun í skyndihjálpi, slysavörnum og umgengni við börn á hinu sívinsæla námskeiði Börn og umhverfi sem haldið var hjá fjölmörgum deildum. Fjölmörg 7-12 ára börn á sumarnámskeiðum Rauða krossins á

höfuðborgarsvæðinu fengu einnig góða kynningu á skyndihjálpi frá nýstofnuðum skyndihjálparhópi höfuðborgarsvæðisins.

Vikulangt námskeið fyrir leiðbeinendur í skyndihjálpi var haldið haustið 2011 og útskrifuðust 28 leiðbeinendur víðsvegar af landinu þar með réttindi til að breiða út þessa mikilvæga þekkingu. Skyndihjálparráð Íslands gerði þá kröfu á árinu að allir leiðbeinendur þyrftu að sækja endurmenntun til að viðhalda réttindum sínum. 140 leiðbeinendur af öllu landinu fengu slíka endurmenntun á árinu og fengu þar kennslu í nýjstu leiðbeiningum um skyndihjálpi og endurlífingun. Námskeiðið var haldið í samvinnu við Skyndihjálparráð og Slysavarnafélagið Landsbjörgu.

Nýjar alþjóðlegar leiðbeiningar í skyndihjálpi voru gefnar út á vormanuðum 2011 og var það í fyrsta sinn sem landsfélög Rauða kross í Evrópu og Ameríku hafa staðið sameiginlega að slíkri útgáfu. Leiðbeiningarnar byggja á alþjóðlegum vísindarannsóknum og sérfræðiráðgjöf og innihalda m.a. nýjar upplýsingar um skyndihjálpi vegna bráða veikinda, áverka, og veikinda eða ástands sem orsakast af utanáðkomandi þáttum, s.s. hitaörmögnun, ofkælingu og kali.

Veggspjaldið og bæklingurinn Getur þú hjálpað þegar á reynir? voru uppfærð og endurútgefin á árinu í samræmi við þessar nýju leiðbeiningar.



Endurlífingun ungbarna kennd á skyndihjálparnámskeiði í Vik.



Ólafur Guðnason var útnefndur skyndihjálparmaður ársins 2010 fyrir að bjarga lífi sonar síns, Ólafs Diðriks Ólafssonar.

Skyndihjálparmaður ársins 2010, Ólafur Guðnason, var heiðraður á 112 deginum í febrúar 2011. Ólafur bjargaði lífi sonar síns, Ólafs Diðriks Ólafssonar, með því að stöðva miklar blæðingar á höfði og handlegg hans eftir að bíll þeirra valt á Háreksstaðaleið á Jökuldalsheiði. Sex aðrir einstaklingar hlutu einnig viðurkenningar hjá deildum Rauða krossins fyrir að hafa beitt skyndihjálpi og bjargað lífi á eftirtektarverðan hátt. ■



Ágóði af WaterAid rennur til neyðarvarna.



WaterAid vatnið var í boði í 0,5 og 1,5 lítra flöskum.

Vífilfell og vatn til hjálpar

Samstarf við fyrirtæki: Fjölmörg minni og stærri fyrirtæki starfa með Rauða krossinum um land allt og styrkja félagið hvert með sínum hætti. Þar má nefna beina fjárstyrki, auglýsingastyrki og vörustyrki og eins samstarf þar sem starfsmenn gefa dýrmætan tíma sinn með þátttöku í verkefnum Rauða krossins.

Samstarf Rauða kross Íslands við fyrirtækin Alvogen og Vífilfell eru tvö dæmi um samvinnuverkefni sem styrkja starf félagsins hér heima og erlendis.

Vífilfell og vatn til hjálpar

Vífilfell hf. styður neyðarvarnir Rauða krossins með því að allur ágóði af sölu á Vatni til

hjálpar eða WaterAid rennur til reksturs á því verkefni. Í júlí 2010 gerðu Rauði krossinn og Vífilfell hf. með sér samning um sölu á Pure Icelandic vatni undir vörumerkinu WaterAid – Vatn til hjálpar í 0,5 og 1,5 lítra flöskum á Íslandi og hélt salan á því áfram á árinu 2011.

WaterAid vatnið var selt í verslunum um allt land. Það eru fyrst og fremst ferðamenn sem kaupa vatn á flöskum og því selst mest af vatninu yfir sumartímann. Kaupendur vatnsins gátu þannig notið þess að styrkja gott málefni um leið og þeir svöluðu þorstanum með góðu íslensku vatni.

Eins og áður segir kveður samningurinn við

Vífilfell á um að allur ágóði af sölu vatnsins renni til neyðarvarna Rauða krossins á Íslandi. Er þar sérstaklega átt við hlutverk Rauða krossins í almannavörnum svo sem að sinna fjöldahjálpi og sálrænum stuðningi á hættu- og neyðartímum, hvort sem um er að ræða náttúruhamfarir, slys eða önnur áföll.

Heildarávinningur Rauða krossins af WaterAid verkefninu árið 2011 var á þriðju milljón króna, en frá upphafi verkefnisins sumarið 2010 hefur það skilað Rauða krossinum meira en sex milljónum króna. Stuðningur Vífilfells kemur sér því ákaflega vel fyrir neyðarvarnarkerfni Rauða krossins og um leið alla landsmenn. ■



Sauma- og klæðskeránám er vinsælt í starfsþjálfun, enda fá krakkarnir saumavél til eignar við útskrift og verða fjárhagslega sjálfbjarga í fyrsta sinn á ævinni.

Alvogen og Afríka

Rauði kross Íslands og bandaríska lyfjafyrirtækið Alvogen gerðu með sér þriggja ára samstarfssamning á árinu 2011. Stóð starfsfólk Alvogen í 20 löndum fyrir söfnunaráttakinu Alvogen for Africa og safnaði fjárframlögum meðal samstarfsmanna og samstarfsaðila sem runnu óskert til Rauða krossins.

Samstarfið við Alvogen gerði Rauða krossinum meðal annars kleift að aðstoða fólk í flóttá

mannabúðum í norðurhluta Sómalíu í lok árs 2011 og mun styrkur á næstu árum renna til náms- og starfsþjálfunar 150 ungmenna á ári í Moyamba athvarfinu í Síerra Leóne. Gert er ráð fyrir að Alvogen styrki starf Rauða krossins í Afríku um að minnsta kosti 10 milljónir króna á samningstímanum.

Athvarfið í Moyamba er fyrir börn og ungmenni sem urðu illa úti vegna borgarastyrjaldarinnar



Halldór Kristmannsson, framkvæmdastjóri hjá Alvogen, og Kristján Sturluson, framkvæmdastjóri Rauða krossins, undirrituðu samstarfssamninginn í desember.

sem geisaði í landinu til ársins 2002 en mörgum þeirra hefur jafnvel verið útskúfað úr samfélaginu. Í athvarfi Rauða krossins læra ungmennin að lesa, skrifa og stunda iðnnám í valinni grein í 11 mánuði. Hver nemandi fær áhöld fyrir sitt sérsvið sem hann nýtir í náminu og fær svo til eignar eftir útskrift.

Alvogen er alþjóðlegt samheitalyfjafyrirtæki með starfsemi í yfir 20 löndum og vinna 14 starfsmenn fyrir félagið hér á landi. Samningurinn við fyrirtækið er mikilvægur þar sem hann hjálpar Rauða krossinum við að halda úti langtímaverkefni með skuldbindingu nokkur ár fram í tímann. ■



Samvera hjá Alþjóðlegum foreldrum í Kópavogi.



Menningarheimar mætast í mánaðarlegu skvísuþarfi á Akranesi. Hér eru þær Abeer Gannam, Maha Jamal, Shaymalí Ghosh, Manal Aleedi og Berglind Gunnarsdóttir.

Málörvun, matur og menningarsamskipti

Að tala tungumál landsins sem þú býrð í og kynnast fólki og menningu eru lykilatriði fyrir innflytjendur í öllum löndum til að aðlagast samfélaginu. Rauða kross deildir víða um land sinntu slíkum verkefnum af krafti á árinu.

Rauða kross deildir á Akranesi og í Fjarðabyggð hafa gert þjónustusamninga við sveitarfélögin á sínu starfssvæði. Akranesdeild rekur þjónustumiðstöð þar sem innflytjendur geta á einum stað nálgast upplýsingar um allt það er varðar búsetu í sveitarfélaginu. Í Fjarðabyggð tekur Rauði krossinn á móti nýjum íbúum með upplýsingagjöf og býður þeim félagsvin úr röðum sjálfbóðaliða.

Verkefnið Viltu tala meiri íslensku? hófst hjá Kópavogsdeild árið 2009 og á árinu 2011 hittust 13 sjálfbóðaliðar og 19 innflytjendur frá 11 löndum í hverri viku til þess að tala saman á íslensku. Hópurinn fór saman í bíó og keilu, á listasöfn, bókasafn og horfði saman á íslenskar kvikmyndir.

Á Reyðarfirði hefur starfað hópur sjálfbóðaliða og erlendra íbúa frá árinu 2010 sem hittist vikulega til að æfa sig að tala saman á íslensku. Á árinu 2011 bættust tveir slíkir hópar við hjá Rauða kross deildunum á Austfjörðum, einn á Eskifirði og annar á Norðfirði.

Í Kópavogi og Reykjavík var boðið upp á aðstoð við heimanám. Í Kópavogi sóttu um 50 menntaskólanemendur af erlendum uppruna námsverið hjá deildinni. Í Reykjavík kallast námsaðstoðin Heilahristingur. Þar hitta sjálfbóðaliðar á borð við kennaranema, háskóla- og framhaldsskólanema sem og kennara á eftirlaunum nemendur af erlendum uppruna á nokkrum bókasöfnum borgarinnar og veita þeim aðstoð við heimanám.

Skvísuhópar eru starfræktir hjá Rauða kross deildunum á Fáskrúðsfirði, þar sem 14 skvísur tóku þátt, og Akranesdeild þar sem 190 skvísur tóku þátt, en verkefnið á Akranesi er nú rekið í samstarfi við Borgarfjarðardeild. Skvísuhóparnir skapa vettvang fyrir konur af íslenskum og erlendum uppruna til að styrkja tengslanet og kynnast menningu hver annarrar. Skvísuhópur er í burðarliðnum á Stöðvarfirði.

Alþjóðlegir foreldrar er verkefni Kópavogsdeildar sem frá árinu 2007 hefur miðað að því að rjúfa félagslega einangrun innflytjenda sem eiga börn á aldrinum 0-6 ára með vikulegum samverustundum. Árið 2011 voru 36 foreldrar frá 18 löndum skráðir í verkefnið og fengu þeir m.a. fræðslu um mataræði ungbarna, þroska tvítyngdra barna, svefnráðgjöf og slysavarnir.

Hjá Reykjavíkudeild starfa félagsvinnir fólks af erlendum uppruna. Börn fá kynningu sjálfbóðaliða á íslensku samfélagi m.a. með því að fara í sund, göngutúra og á menningarviðburði auk þess sem barnið fær aðstoð við heimanám og tómstundir. Þá para sjálfbóðaliðar sig við fullorðið fólk af erlendum uppruna og veita þeim margskonar stuðning í daglegu lífi.

Héraðs- og Borgarfjarðardeild starfrækti alþjóðlegan matarklúbb á haustönn þar sem kynnt var matargerð frá Kína, Portúgal og Póllandi. Öndurfjarðardeild hélt ýmsar fjölmenningsupptökur og er alþjóðleg matargerð með menningarlegu ívafi vinsælt verkefni hjá deildinni.



Ollý Sveinbjörg Aðalgeirsdóttir og Innocentia Friðgeirsson taka þátt í Félagsvinaverkefni Reykjavíkurdeildar Rauða krossins.



Litskrúðugir búningar á Þjóðahátíð Austfirðinga sem var haldin í Nesskóla í Neskaupstað laugardaginn 29. október. Norðfjarðardeild hélt utan um hátíðina.

Sérstakur matreiðsluklúbbur var starfræktur hjá Akranesdeild og tók 21 fjölskylda frá 16 löndum þátt í verkefninu. Gómsætar uppskriftir frá hópnum komu út á vordögum 2011 í matreiðsluveri sem bar heitið Leiðin að hjarta manneskjunnar. ■



Ísbúð til styrktar Rauða krossinum.

Rauði krossinn heiðraði ungmennin sem stóðu fyrir skákhátíðinni „Við erum ein fjölskylda“ eina helgi í ágúst 2011. Alls söfnuðu þau einni milljón króna í tveggja daga skákmaraboni til styrktar Sómalíu, auk þess sem símasöfnun tók mikinn kipp á sama tíma og þar bættist við um ein milljón króna til viðbótar.



Enginn efast um mikilvægi hraðra og öruggra sjúkraflutninga. Mynd: Jakob Fannar.

Æskan styður Rauða krossinn

Sjálfbóðaliðar eru mikilvægasti hlekkurinn í starfi Rauða krossins og fjölbreytt og fórnfúst starf yngstu kynslóðanna sem nota tíma sinn til að hjálpa öðrum er tilefni til mikillar bjartsýni. Eins og dæmin hér að neðan sanna þarf maður ekki að vera hár í loftinu til að gera mikið gagn.

Yngstu sjálfbóðaliðar Rauða krossins fylgjast vel með heimsfréttunum og eru fljótir að bregðast við til hjálpar þeim sem eiga um sárt að binda annarsstaðar í heiminum. Sum börn gáfu spariféð sitt. Önnur létu listræna hæfileika njóta sín og skreyttu steina, þjuggu til myndir, hálsmen og armbönd úr lopa og seldu til styrktar Rauða krossinum svo eitthvað sé nefnt.

Á árinu bærust Rauða krossinum meðal annars framlög frá börnum sem sungu fyrir peninga, frændum í Reykjavík sem settu upp ísbúð, krökkum á Höfn í Hornafirði sem seldu plástra til styrktar börnum í Sómalíu, stúlkum á Kirkjubæjarklaustri sem seldu nýbakaðar piparkökur og mæðgum á Akureyri sem þjuggu til skartgripi og seldu gestum og gangandi.

Um 500 tombólubörn lögðu félaginu lið á þessu ári og er sá stuðningur Rauða krossinum ákaflega dýrmætur. Margt smátt gerir eitt stórt og var heildarfjárhæð söfnunarfrjá frá tombólubörnum um ein og hálf milljón króna.

Fjöldi skólabarna styrkti starf Rauða krossins á árinu. Stúlkur í Lundarskóla á Akureyri nýttu saumatímana til að búa til teppi, húfur, sokka, treyjur og buxur sem þær gáfu í verkefnið Föt sem framlag. Krakkar úr Árskóla á Sauðárkróki héldu tombólu og söfnuðu rúmum 15.000 krónum sem runnu til styrktar þrjónahópi sem útbýr gjafapakka fyrir lítill börn í Malaví og Hvíta-Rússlandi.

Nemendur í Fellaskóla á Fljótshéraði efndu til fjáröflunar og styrktu Rauða krossinn um 26.000 krónur sem runnu til náms- og starfsþjálfunar fyrrverandi barnahermanna í Síerra Leóne. Nemendur í Lindaskóla héldu fjáröflun á þemadögum og gáfu afkraksturinn, 123.000 krónur, til styrktar bágstöddum eftir skjálftann mikla í Japan.

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð söfnuðu nemendur einnig fyrir Japan og héldu tónleika ásamt því að selja kökur og handgerða hluti í Smáralind og krakkar í 5. bekk Grunnskólans í Stykkishólmi gáfu út og seldu skólablað til styrktar hjálparstarfi á Haítí.

Leikskólabörn í leikskólanum Norðurbergi lögðu líka sitt af mörkum. Börnin þar á bæ hafa í 11 ár safnað flöskum á ferðum sínum með leikskólanum og tekið svo lokahnykkinn

Tíundu jólin í röð stóðu 6-16 ára nemendur Grundaskóla á Akranesi fyrir jólasöfnun fyrir bágstödd börn, en það hafa þeir gert síðan nemendur ákváðu að leggja af Pakkajól skólans og safna þess í stað fyrir góðu málefni á adventunni. Jólin 2011 söfnuðu krakkarnir um 215.000 krónum. Rauði krossinn þakkar nemendum Grundaskóla staðfastan stuðning og hvetur aðra skóla til að fylgja þeirra fordæmi.



Anna Rún Arnfríðardóttir, nemandi í 8. bekk Kópavogsskóla, kom færandi hendi til Kópavogsskólans Rauða krossins með peningagjöf að upphæð 20.000 krónur í maí 2011. Upphæðin var hluti peninga sem hún fékk í fermingargjöf og vildi Anna Rún láta þessa fjárhæð renna til góðs.

með því að biðja foreldra sína að gefa flöskur í desember. Börnin færa svo tombólusjóði Rauða krossins afkraksturinn.

Áfangar í sjálfböðnu starfi eru í boði við marga framhaldsskóla, m.a. Menntaskólana í Kópavogi og við Hamrahlíð, á Akranesi og Ísafirði. MK var fyrstur til að bjóða upp á slíkan áfanga, og þar sinna nemendur félagslegum stuðningi við aldraða, taka þátt í félagsstarfi með ungum innflytjendum og heim sóknunum til langveikra barna í Rjóðrinu. Mikil aðsókn er í áfangann í MK en 51 nemandi útskrifaðist úr honum á árinu. ■

Sjúkrabílar

– Eitthvað sem allir treysta á

Rauði krossinn er sprottinn upp úr aðhlyningu særðra á vettvangi stríðsátaka. Upphaf sjúkraflutninga á Íslandi má rekja til þess að sjálfbóðaliðar Rauða krossins söfnuðu fyrir sjúkrabílum víða um land og ráku þá í sjálfböðavinnu. Rauði kross Íslands hefur rekið sjúkrabíla á Íslandi síðan 1926 eða í 85 ár.

Eftir því sem kröfur til heilbrigðisþjónustu jukust tók ríkið meiri þátt í fjármögnun sjúkraflutninga. Samkvæmt síðasta samningi Rauða krossins við heilbrigðisráðuneytið árið 2006 tók Rauði krossinn að sér að útvega og reka 77 sjúkrabíla og tilheyrandi tækjabúnað og gilti samningurinn til ársloka 2010. Frá upphafi árs 2011 hefur samningurinn verið framlengdur tímabundið þrisvar sinnum og var félagið samningslaust í lok árs. Óvissan hefur þegar leitt til þess að ekki verður hægt að endurnýja sjúkrabíla á árinu 2012 eins og þörf er á.

Kostnaður tvöfaldast

Frá árinu 1998 hefur fjöldi sjúkraflutninga nærri tvöfaldast, úr rúmlega 15.000 í u.þ.b. 27.500 árið 2011. Um 80% af rekstrarkostnaði sjúkrabíla byggir á erlendum aðföngum s.s. innkaupum og eldsneytisverði og er því bundinn gengi erlendra gjaldmiðla.

Frá árinu 2005 hefur innkaupsverð meðal-sjúkrabíls farið úr níu milljónum króna upp í nærri 20 milljónir og árlegur eldsneytis-kostnaður fyrir flotann hækkað úr 17 milljónum í meira en 40 milljónir. Framlög stjórnvalda til rekstursins hafa ekki hækkað í samræmi og síðustu þrjú ár hafa þau nánast staðið í stað.

Áhyggjur Rauða kross Íslands

Frá árinu 2006 hefur viðmið um hámarksakstur sjúkrabíla hækkað úr 100.000 km í 150.000 km og á árinu 2011 lögðu fulltrúar stjórnvalda til að það yrðu 200.000 km. Á sama tíma hefur viðmið um hámarksaldur sjúkrabíla farið úr fimm árum í tíu ár og hafa fulltrúar stjórnvalda

lagt til að það verði hækkað í 12 ár.

Í lok árs 2011 stóðst nærri helmingur allra sjúkrabíla á Íslandi ekki þær kröfur um öryggi og gæði sem gerðar hafa verið til sjúkraflutninga. 21 sjúkrabíll var þá orðinn tíu ára og eldri og átta bílar til viðbótar voru eknir meira en 150.000 km. Í lok árs 2012 verða að óbreyttu nærri 40 sjúkrabílar í þessum flokki.

Verði tillögur fulltrúa stjórnvalda að veruleika verður svo stór hluti sjúkrabíla á Íslandi það gamall og útkeyrður að spyrja má um gæði og öryggi sjúkraflutninga um allt land. Að reiða sig á sjúkrabílaflota í þessu ástandi er leikur að eldi.

Mikil umræða hefur átt sér stað innan Rauða krossins um stöðuna og hafa allir, ekki síst fólk á landsbyggðinni, lýst yfir miklum áhyggjum. Nú þegar eru dæmi um að ekki hafi verið hægt að ræsa vél sjúkrabíls við útkall og að sjúkrabílar hafi bílað í miðju útkalli.

Frá upphafi sjúkraflutninga á Íslandi hefur það verið hlutverk Rauða kross Íslands að tryggja gæði og öryggi sjúkraflutninga um allt land. Það er mat Rauða krossins að þessum gildum sé nú stefnt í voða.

Stjórn Rauða krossins styður áframhaldandi viðræður við stjórnvöld um að halda verkefni áfram. Meginforsenda þess er að fullt samkomulag ríki um öryggisviðmið og að þjónustan standist kröfur um gæði og öryggi fyrir alla landsmenn. ■



Leikskólabörn á Brákarborg heimsækja Rauða krossinn árlega. Hér fengu þau að skoða sjúkrabílinn.



Sjúkrabílar af Ford árgerð 1952-1955 í eigu Reykjavíkureiðlar.



Sjúkrabílar Rauða krossins og bílstjórar þeirra við slökkvistöðina í Tjarnargötu í Reykjavík 1944.



Barnmörg fjölskylda á flóttu með hjálpargögn frá Rauða krossi Íslands.



Fólk sem flýr vopnuð átök og ofbeldi á stundum fátt annað en fötin sem það klæðist. Jafnvel teppi, segldúk og vatnslát geta þá skipt sköpum.

Fadma Abdallah var hrærd yfir hjálpinni, sem gerir sjö manna fjölskyldu hennar mögulegt að koma sér í skjól, en þau höfðu sofði undir berum himni í sjö daga þegar hjálpargögnunum frá Íslandi var úthlutað.



Sjálfbóðaliðar Rauða hálfmánans í Sómalíu skipulögðu dreifingu hjálpargagnanna til flóttafólksins.



Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða krossins, fylgdist með dreifingu hjálpargagnanna.

Rauði kross Íslands varði um 57 milljónum króna til hjálparstarfsins í Sómalíu. Söfnun á meðal almennings á Íslandi sem stóð frá sumri og fram á haust skilaði nærri 33 milljónum. Þá komu 20 milljónir frá Fatasöfnun Rauða krossins, auk þess sem Utanríkisráðuneytið styrkti hjálparstarf Rauða krossins um 4,3 milljónir.

Hundruð manna létu lífið daglega í hungursneyðinni í Sómalíu. Ástandið var verst í sunnanverðu landinu, þar sem langvarandi þurrkar höfðu valdið dauða búfjár og eyðilagt uppskeru bænda. Hundruð þúsunda manna voru á vergangi, bæði innan Sómalíu og í nágrennalöndum.

Um 50.000 manns í Sómalíu nutu góðs af hjálparstarfi Rauða krossins sem almenningur á Íslandi studdi dyggilega. ■

Íslenskur almenningur til hjálpar Japan



Eyðileggingin var gríðarleg.



Eftirlifendur hamfaranna í neyðarskýli Rauða krossins.

Jarðskjálftinn og flóðbylgjan sem riðu yfir austurströnd Japans 11. mars voru einar mestu hamfarir í landinu frá lokum síðari heimsstyrjaldar. Almennungur, fyrirtæki og stjórnvöld á Íslandi brugðust skjótt við og söfnuðust nærri 28 milljónir í söfnun Rauða krossins hér á landi til stuðnings fórnarlömbum hamfaranna.

Um 16.000 manns fórust í skjálftanum og

flóðbylgjunni í kjölfarið, gríðarlegur fjöldi fólks slasaðist og tæplega hálf milljón manna þurfti að hafast við í bráðabirgðaskýlum. Rauði krossinn í Japan sinnti hjálparstarfi frá fyrstu stundu, sérstaklega heilbrigðisþjónustu á vettvangi og í fjölda hjálparstöðvum.

Ýmsir hópar á Íslandi sem tengjast Japan lögðu söfnun Rauða krossins lið og einnig unga kynslóðin. Sem dæmi má nefna að ung-

ur sjálfbóðaliði Kópavogsdeildar og samnemendur hans í Menntaskólanum við Hamrahlíð stóðu fyrir söfnun sem skilaði 150.000 krónum. Krakkar í Vallaskóla á Selfossi héldu þingó um páskana og sjö músikalskar stúlkur úr Hamraskóla í Grafarvogi sömdu lag og sungu fyrir fólk gegn framlögum í söfnunina. Rauði krossinn í Japan notar söfnunarféð til þess að byggja upp líf þeirra sem urðu fyrir þungum áföllum vegna hamfaranna. ■

Hungursneyð í Sómalíu

Í júlí lýsti Alþjóða Rauði krossinn því yfir að hvergi í heiminum væri vannæring barna jafnmikil og í Sómalíu. Íslenskur almenningur brást ákaflega vel við söfnun Rauða krossins og nutu um 50.000 börn og flóttamenn í Sómalíu góðs af því.

Einir mestu þurrkar í 60 ár leiddu til þess að um mitt ár 2011 bjuggu um 10 milljónir manna við matarskort í Sómalíu og hungursneyð ógnaði lífi milljóna manna. Alþjóða Rauði krossinn hafði dreift neyðargögnum til hálftrar milljónar manna frá október 2010. Um mitt sumar fór ástandið hríðversnandi og í sumum hlutum Sómalíu hafði fjöldi barna sem þjáðist af alvarlegri vannæringu tvöfaldast frá marsmánuði.

Rauði kross Íslands opnaði söfnunarsímann í júlí og létu viðbrögð almennings ekki á sér standa. Rauði kross Íslands styrkti Alþjóðaráð Rauða krossins um 34 milljónir króna en það fjármagn fór að mestu í kaup á næringarbættu hnetusmjöri sem nýtt var til að hjúkra alvarlega vannærdum börnum í sunnanverðu landinu til heilbrigðis.

Þá styrkti félagið dreifingu hjálpargagna í Sómalíandi í Norðvestur-Sómalíu með rúmum 20 milljónum króna. Fjármagnið var nýtt til

kaupa og dreifingar á eldunaráhöldum, segldúkum, teppum, fötum, hreinlætisvörum og veiðarfærum. Þann 13. nóvember var þessum hjálpargögnum frá Rauða krossi Íslands dreift til um 2.500 flóttamanna sem bjuggu við hrikalegar aðstæður.

Þórir Guðmundsson, sviðsstjóri hjálparstarfssviðs Rauða kross Íslands, fylgdist með dreifingu hjálpargagnanna. Sjálfbóðaliðar Rauða hálfmánans úthlutuðu hjálpargögnum skipulega til flóttamanna í brennandi sólinni fyrir utan Hargeysa, höfuðborg Sómalílands, sem hefur lýst yfir sjálfstæði frá Sómalíu en hefur ekki hlotið alþjóðlega viðurkenningu.

„Ég talaði við konu sem sagði að hún og fjölskylda hennar hefðu sofði úti í sjö sólarhringa,“ segir Þórir. „Þau voru afskaplega fegin að fá þak yfir höfuðið en til þess notar fólk stóra plastdúka sem breiddir eru yfir sprek sem hlaðið er upp sem kofaveggjum.“

Barist gegn mansali

Konur eru seldar til kynlífsánauðar, verkafólk er sent í þrælavinnu og börnum er smyglað yfir landamæri í misjöfnum tilgangi. Þetta eru nokkrar birtingarmyndir mansals sem er ein af alvarlegustu ógnum samfélaga í Austur-Evrópu. Einhleypar og lítt menntaðar atvinnulausar stúlkur og konur á aldrinum 16-30 ára eru í mestri hættu á að verða mansali að bráð.

Rauði krossinn og Utanríkisráðuneytið studdi baráttu Rauða kross Hvíta-Rússlands gegn mansali á árinu. Áhersla var lögð á jafningja-

fræðslu og forvarni á meðal áhættuhópa en einnig fá fórnarlömb mansals sem komast aftur heim, stundum eftir áralanga og ömurlega vist erlendis, aðstoð Rauða krossins við að koma undir sig fótunum á ný.

47 þolendur mansals fengu aðstoð, s.s. sálrænan stuðning, mat, fatnað og skó, í gegnum þetta verkefni á árinu. Þá náðu 240 starfsmenn og sjálfbóðaliðar Rauða krossins til um 9.000 foreldra, kennara og annarra með forvarnarfræðslu um mansal og afleiðingar þess. ■



Leikþáttur um mansal. Stúlkunni hefur verið lofað vinnu erlendis og er fylgt þangað af „kæranum“. Hér er henni talin trú um að láta vegabréf sitt af hendi.

Þjónusta við hælisleitendur

Alls sóttu 76 einstaklingar frá 29 ríkjum um hæli sem flóttamenn á Íslandi á árinu 2011. 14 einstaklingum var veitt hæli og þar af var einum veitt dvalarleyfi á grundvelli mannúðarjónamiða og/eða sérstakra tengsla við Ísland. Sjálfbóðaliðar á vegum Hafnarfjarðardeildar sinntu verkefnum í þágu hælisleitenda og flóttamanna, meðal annars heim-sóknþjónustu, félagsstarfi og réttindagæslu.

Deildin naut stuðnings frá Suðurnesjadeild sem lagði til húsnæði fyrir viðburði sem haldnir voru í Reykjanesbæ og Vestmannaeyjadeild tók einkar vel á móti hælisleitendum í sumarferð til Eyja. Farsælt samstarf var við Árneseingadeild og Akureyrardeild vegna stuðningsfjölskyldna og var auðvelt að virkja sjálfbóðaliða á þessum svæðum.

Á síðari hluta ársins dró úr réttindagæslu

flóttamanna í kjölfar nýs ákvæðis í útlendingalögum sem heimilar hælisleitendum að fá skipaðan sérstakan talsmann. Réttindagæslan verður lögð formlega niður á árinu 2012 þegar stjórnvöld munu tryggja rétt hælisleitenda á lögfræðiaðstoð frá fyrstu stigum máls. Rauði krossinn kom að þessu verkefni á meðan unnið var að réttarfarsbót og getur nú með stolti dregið sig út úr því án þess að þjónusta við skjólstæðinga okkar minnki. ■

Sendifulltrúar Rauða kross Íslands



Áslaug Arnoldsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði í júlímánuði í borginni Benghazi í Líbýu á vegum Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) og fór svo til Bagdad í Írak í september 2011 þar sem hún mun starfa í níu mánuði einnig á vegum ICRC.



Davíð Lynch verkefnisstjóri starfaði við neyðarstjórnun hjá Evrópuskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Búdapest í Ungverjalandi.



Gestur Hrólfsson þróunarfræðingur fór í byrjun júní til starfa í Malaví þar sem hann sinnir verkefnisstjórn heilbrigðisverkefna Rauða kross Íslands.



Helga Bára Bragadóttir mannfræðingur starfaði á Kyrrahafsskrifstofu Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Suva á Fidjeyjum allt árið 2011.



Hólmfríður Garðarsdóttir hjúkrunarfræðingur og ljósmóðir hefur starfað sem heilbrigðisfulltrúi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Kúrdahéróðum Írak frá október 2011.



Hlín Baldvinsdóttir rekstrarfræðingur starfaði allt árið 2011 sem fjármálastjóri dreifingar moskítóneta víðs vegar í Afríku fyrir Alþjóðasamband Rauða krossins (IFRC).



Hrafnhildur Sverrisdóttir alþjóðasamskiptafræðingur starfaði sem samskiptafulltrúi Alþjóðaráðs Rauða krossins (ICRC) í Pakístan allt árið 2011.



Huld Ingimarsdóttir markaðsfræðingur fór í stutta ferð á vegum Rauða kross Íslands til Malaví til að taka út fjármál verkefna félagsins í landinu.



Jóhannes Sígússon lögregluvarðstjóri starfaði sem öryggisfulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) í Pakístan í sex mánuði þar til í maí 2011.



Karl Sæberg Júlísson afbrotufræðingur er öryggisfulltrúi Alþjóðasambands Rauða krossins og Rauða hálfmánans (IFRC) með aðsetur í Genf.



Magna Björk Ólafsdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði fyrir Alþjóðaráð Rauða krossins (ICRC) í borginni Najaf í Írak í þrjá mánuði haustið 2011.



O. Ragnheiður Þórisdóttir hjúkrunarfræðingur starfaði frá því í maí til loka ágúst í búðum Alþjóðasambands Rauða krossins (IFRC) á Haítí.

Langtímaverkefni
Haítí
Sálrænn stuðningur við börn

Langtímaverkefni
Síerra Leóne
Endurhæfing barna eftir borgarastyrjald

Neyðaraðstoð
Líbýa
Neyðaraðstoð vegna borgarastyrjaldar

Neyðaraðstoð
Súdan
Neyðaraðstoð vegna átaka

Neyðaraðstoð
Fílabeinsströndin
Neyðaraðstoð vegna borgarastyrjaldar

Langtímaverkefni
Hvíta-Rússland
Barátta gegn mansali
Krabbameinsgreining vegna Tsérnóbyl slyssins
Hlýr fatnaður til barnafjölskyldna

Neyðaraðstoð
Tyrkland
Neyðaraðstoð vegna jarðskjálfta

Langtímaverkefni
Georgía/Armenía
Uppbygging neyðarvarna

Langtímaverkefni
Palestína
Þjálfun sjúkraflutningamanna
Sálrænn stuðningur við börn
Félagsmiðstöð í Betlehem

Neyðaraðstoð
Sómalía
Neyðaraðstoð vegna hungursneyðar

Langtímaverkefni
Malaví
Heilbrigðisverkefni

Neyðaraðstoð
Mósambík
Neyðaraðstoð vegna flóða og kólerufaraldurs.

Neyðaraðstoð
Japan
Neyðaraðstoð vegna jarðskjálfta og flóðbylgju



MANNVINUR RAUÐA KROSSINS

Mannvinur Rauða krossins tekur þátt í alþjóðlegu hjálparstarfi með mánaðarlegum framlögum að eigin vali.

Þú getur orðið **Mannvinur** núna - á www.raudikrossinn.is.



Hjálparsími Rauða krossins 1717 er opinn alla daga ársins, allan sólarhringinn og er fyrir alla.

1717



LANDSSKRIFSTOFA
EFSTALEITI 9
103 REYKJAVÍK
SÍMI 570 4000
CENTRAL@REDCROSS.IS
WWW.RAUDIKROSSINN.IS